

Stjórnarfundur Geðhjálpur miðvikudaginn

19. nóvember 2025 kl. 16:00

Mætt: Birgir Páll Hjartarson, Ebba Ásmundsdóttir, Hallgrímur Hrafnsson, Jón Ari Arason, Svava Arnardóttir og Sigurborg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð

1. Fundargerð frá 8. október sl.

Samþykkt.

2. Alaskaferð

Sigrún segir frá áhugaverðri ferð til Anchorage í Alaska þar sem hún skoðaði úrræði þar sem fólk með persónulega reynslu og fagfólk vinna saman.

3. Fréttir frá heimsþingi raddheyrara 2025

Svava: Svava deildi með stjórn ýmsu fræðsluefni frá heimsþingi raddheyrara. Þingið er haldið árlega um heiminn á næsta ári verður ráðstefnan í Ástralíu og árið 2027 í Manchester.

4. Erlend verkefni – verkefnastjóri

Stjórn samþykkti að fá Dumitritu Simion til að vinna að erlendum verkefnum í hlutastarfi frá og með 1. janúar 2026.

Samþykkt.

5. Rekstraráætlun Geðhjálpur

Farið yfir rekstraráætlun 2026-2027

6. Tillaga um framlag í Geðsjóð

Formaður leggur fram tillögu framkvæmdastjóra Geðhjálpur um að greiða 20 m.kr. til Styrktarsjóðs geðheilbrigðis fyrir lok árs. Stjórn styrktarsjóðsins ákveði hvort upphæðin verði sett til úthlutunar ársins 2026 eða leggist inn á höfuðstólinn.

Samþykkt.

7. Geðhús

Geðhjálp hefur fengið ábendingar vegna nýja Geðhússins á Fossvogslóðinn, sem er áætlað að verði 24 þúsund fermetrar. Áhyggjurnar snúa m.a. að birtuskilyrðum, erfiðleikum við að koma öllum deildum fyrir á jarðhæð og of mikilli nálægð við íbúðabyggð. Stjórn hefur áhyggjur af að erfitt verði að fara eftir batamiðuðum kröfum miðað við lóð og byggingarmagn. Formaður og framkvæmdastjóri verða í áframhaldandi samtali við stjórnvöld vegna þessa.

8. Fordómaviðburðaröð

Sigrún Ólafsdóttir kynnti áframhald af rannsókn sinni í Þjóðarspeglinum.

Mjög djúp gögn og margir þættir sem hægt er að bera saman.

Handwritten signatures and initials:
Svava Arnardóttir (SA), Birgir Páll Hjartarson (BH), Ebba Ásmundsdóttir (EÁ), Jón Ari Arason (JA), Sigurborg Sveinsdóttir (SS)

Geðhjálp mun standa að viðburðaröð eftir áramótin, í samstarfi við Sigrúnu og hennar fólk, þar sem niðurstöður rannsóknarinnar verða greindar nánar.

9. Alþjóða mannréttindadagurinn

Þann 10. desember er Alþjóða mannréttindadagurinn. Geðhjálp mun standa fyrir opnu streymi á Facebook þar sem lögmaður mun svara spurningum áhugasamra er snúa að geðþjónustu og mannréttindum.

10. Önnur mál

Elín Ebba og Bími segja frá samnorrænu verkefni: Upphaflega var verkefnið hugsað til að tengja jafningja saman og kynna hvað þau eru að gera. Góð tengsl hafa myndast meðal þátttakenda. Þau hittu meðal annars einstakling í Gautaborg sem sagði frá vinnumiðlun jafningja stýrðri af notendum.

Svava: Segir frá „Online“ viðburði á vegum WHO þann 25. nóvember nk.

Fundi slitið 17:23

Sigrún Arnardóttir
Bími Pálsson
Hjónsáttun
Hallgrímur Hrafnsson
Sara Arnardóttir